

**Ársskýrsla
Félags forstöðumanna ríkisstofnana
2012 - 2013**



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana
maí 2013

Inngangur

Eftirfarandi ársskýrslu Félags forstöðumanna ríkisstofnana er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2012 til maí 2013. Frekari upplýsingar um starfsemina er t.d. að finna á heimasíðu félagsins (www.ffr.is), á fésbókarsíðu félagsins (<https://www.facebook.com/forstodumenn>) eða í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

1. Aðalfundur FFR 8. maí 2012

Aðalfundur FFR var haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík þann 8. maí 2012. Fundinn sóttu um 30 félagsmenn eða gestir. Fundarstjóri var Magnús Pétursson ríkissáttasemjari en sérstakur gestur fundarins var Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sóknaráætlana hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Eftirfarandi eru helstu ákvarðanir og helstu niðurstöður aðalfundar FFR 2012 :

Stjórnarkjör

Eftirfarandi tillögur uppstillingarnefndar voru samþykktar en önnur framboð komu ekki fram og var formaður kosinn sérstaklega, síðan stjórn og varastjórn með lófataki.

Í aðalstjórn voru kosin:

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands endurkjörin formaður.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík

Már Vilhjálmsson, skólameistari Menntaskólans við Sund

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar

Í varastjórn voru kosin:

Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar

Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurnesjum

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

Úr aðalstjórn gekk Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Kosning starfskjaranefndar

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt og í starfskjaranefnd sitja:

Steingrímur Ari Arason formaður, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar

Indriði Þorláksson, fyrrverandi forstöðumaður.

2. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé frá júní-ágúst 2012. Stjórnin hélt alls 9 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu auk ýmissa annarra funda sem stjórn eða hluti stjórnar sótti f.h. FFR s.s hjá nefndum Alþingis vegna umsagna um frumvörp og í ráðuneytum.

3. Félagsfundir FFR á starfsárinu

Tveir félagsfundir voru haldnir hjá FFR á starfsárinu 2012-2013 og voru þeir báðir vel sóttir. Annars vegar var haldinn fundur þann 13. nóvember 2012 á Grand hóteli í Reykjavík og sóttu hann um 60 manns. Hinsvegar var haldinn fundur þann 15. mars 2013 á Hótel Kea á Akureyri og sóttu hann um 20 forstöðumenn.

4. Starfskjaranefnd FFR

Starfskjaranefnd FFR undir forystu Steingríms Ara Arasonar vann að ýmsum verkefnum á starfsárinu sem miða að því að reyna að þrýsta á stjórnvöld að taka upp fagleg, lögleg og gegnsæ vinnubrögð við að uppfylla lög um kjararáð. Einnig var fylgt eftir kvörtun FFR sem send var umboðsmanni Alþingis í júlí 2011

5. Ályktun um laun

Félag forstöðumanna ríkisstofnana sendi frá sér ályktun þann 7. september 2012 um hækkun launa forstjóra LHS vegna læknisverka þar sem m.a. var bent á ómálefnalegar breytingar á lögum um kjararáð sem hafa aukið ósamræmi í launum þeirra sem undir ráðið heyra og dregið úr samkeppnishæfni ríkisins sem vinnuveitanda.

6. Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

Félag forstöðumanna ríkisstofnana kvartaði til umboðsmanns Alþingis þann 14. júlí 2011 vegna seinagangs og meintra brota kjararáðs á lögbundnum skyldum þess. Því miður hefur vinna umboðsmanns Alþingis vegna þessarar kvörtunar dregist langt fram úr hófi en álitíð var loks birt þann 7. maí 2013. Umboðsmaður Alþingis á að vera öryggisventill sem hægt er að treysta á án óeðlilegra tafa, ekki síst vegna þess að forstöðumenn hafa hvorki verkfalls- né samningsrétt og verða að geta treysta stjórnvöldum til að uppfylla lög um kjararáð. Til að leggja áherslu á kröfu FFR um fagleg vinnubrögð ritaði félagið fjármálaráðherra bréf í desember 2012 þar sem lögð var áhersla á að kjararáð taki upp fagleg vinnubrögð við gagna- og upplýsingaöflun og að það sé tryggt að ráðið hafi bolmagn til að sinna lögbundnum skyldum sínum.

7. Starfshópur um starfsumhverfi og kjör forstöðumanna

Starfshópur um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna skilaði ráðherra tillögum í apríl 2012 og voru þær kynntar á morgunverðarfundi sem var haldinn þann 25. apríl 2012. Tillögurnar gera ráð fyrir nokkuð viðamiklum breytingum á því ferli sem er viðhaft við ráðningu, mat á árangri og hæfni, launasetningu og starfslokum forstöðumanna ríkisstofnana á Íslandi. Í stórum dráttum snúast tillögurnar um að koma framangreindum ferlum í mun faglegri farveg heldur en viðgengist hefur í íslenskri stjórnsýslu um árabíl. Skýrt kom fram hjá fjármálaráðherra að haldið verður áfram að vinna að því að útfæra tillögur vinnuhópsins með það að markmið að koma þeim í framkvæmd, annað hvort óbreyttum eða með breytingum.

8. Athugasemdir við lagafrumvörp

Undanfarið hefur stjórn FFR fengið beiðnir um umsagnir um nokkur lagafrumvörp. Á starfsárinu 2012-2013 veitti FFR umsagnir um eftirfarandi frumvörp eða þingsályktanir:

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótnun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál
- Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þingskjal 421, 364. mál
- Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga, 215. mál
- Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga, 366. mál

9. Rýnihópur FFR vegna frumvarps til nýrra fjárreiðulaga

Vorið 2012 tilnefndi FFR þau Steingrím Ara Arason forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, Ingbjörgu Steinunni Sverrisdóttur landsbókavörð, Kristínu Lindu Árnadóttur forstjóra Umhverfisstofnunar og Hauk Ingibergsson forstjóra Þjóðskrár Íslands í rýnihóp um frumvarp til nýrra fjárreiðulaga. Drögin fela í sér róttækar breytingar á núverandi skipan og er ætlað að koma í stað laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Einstökum gagnrýnisatriðum FFR má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru það nýmæli í frumvarpinu sem hafa þann tilgang að styrkja húsbóndavald ráðherra og auka miðstýringu í ríkisrekstrinum og hins vegar eru það heimildir í lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem eru felldar niður eða þregdar, heimildir sem áttu að stuðla að valddreifingu og hvetja til aukins sjálfstæðis ríkisstofnana:

10. Ímynd forstöðumanna

Stjórn FFR hefur á starfsárinu fjallað nokkuð um þörf þessað styrkja ímynd opinberra stofnana og stjórnenda þeirra. Ástæður þess er ekki síst að opinber stjórnarsýsla á Íslandi hefur átt í vök að verjast eftir hrun hagkerfisins. Fjárhagsstaða ríkisins hefur versnað og margar stofnanir hafa þurft að hagræða umtalsvert í rekstri. Samtímis hafa verkefni aukist og orðið vandasamari sem óhjákvæmilega hefur í einhverjum tilvikum komið niður á þjónustu við almenning. Ekki verður fram hjá því horft að það hefur komið í hlut margra opinberra stofnana að taka með beinum hætti á afleiðingum hrunsins, auknu atvinnuleysi, erfiðri skuldastöðu heimilanna, aukinni örorku og margvíslegum öðrum fylgikvillum hrunsins, samhliða öðrum reglubundnum verkefnum. Mjög hefur reynt á starfsmenn stofnana við þessar aðstæður og ekki síst á forstöðumenn þeirra. FFR hvetur forstöðumenn til þess að upplýsa almenning um það sem vel er gert og stuðla þannig að jákvæðri umfjöllun til eflingar á ímynd opinbers reksturs.

11. Málþing og námskeið starfárið 2012-2013

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands var aðalsamstarfsaðili FFR við að skipuleggja og kynna málþing og námskeið á starfsárinu, eins og undanfarin ár. Fleiri aðilar störfuðu með FFR og má þar helst nefna fjármálaráðuneytið, Ríkisendurskoðun, Rannís, forsætisráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð. Málþing og námskeið voru almennt vel sótt og í heild komu um 1200 manns á morgunverðarfundi og námskeið á vegum FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála haustið 2012 og vorið 2013. Frá apríl 2012 til apríl 2013 héldu FFR og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála **alls 10 námskeið og 8 morgunverðarfundi**, ýmist sameignlega eða í samstarfi við aðra. Frekari upplýsingar um þessa viðburði eru í viðauka með ársskýrslunni.

12. Heimsókn í Hljóðbókasafn Íslands 31. janúar 2013

Þann 31. janúar 2013 bauð forstöðumaður Hljóðbókasafns Ísland, Þóra Sigríður Ingólfssdóttir félögum FFR í heimsókn. Hljóðbókasafn Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögbundið hlutverk safnsins að opna þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur, aðgang að prentuðu máli.

Mæting forstöðumanna í þessa heimsókn var frekar dræm en þeir sem mættu voru afar ánægðir með kynninguna á Hljóðbókasafninu og frábærar móttökur forstöðumanns og starfsliðs hennar.

13. Heimasíðan og fésbókin

FFR rekur heimasíðu (www.ffr.is) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Einnig rekur FFR síðu á samskiptavefnum Facebook til að miðla upplýsingum. Slóðin á síðuna er: <http://www.facebook.com/forstodumenn>

14. Lokaorð

Starf stjórnar og starfskjaranefndar FFR var annasamt á líðandi starfsári, eins og undanfarin ár. Að mati formanns er stjórn og starfskjaranefnd skipuð afar góðum og samhentum hópi forstöðumanna sem eru tilbúin að leggja á sig mikla vinnu til að stuðla að framgöngu mikilvægra mála sem tengjast betri og faglegrri stjórnsýslu og réttindum forstöðumanna. Formaður þakkar þeim og öðrum sem sinnt hafa störfum fyrir hönd félagsins fyrir mikilvægt framlag til styrktar starfsemi þess. Að lokum ber að þakka öllum þeim sem mætt hafa á fundi félagsins fyrir framlag þeirra sem er ómetanlegt. Nauðsynlegt er að forstöðumenn haldi áfram að fylkja liði, skiptist á skoðunum og láti í ljós væntingar þeirra til starfseminnar og þannig verður félagið enn öflugra en nú er og betur í stakk búíð að leysa úr þeim erfiðu verkefnum sem þegar eru til staðar og þau verkefni sem framtíðin ber í skauti.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana
Magnús Guðmundsson formaður FFR*

Viðauki

Námskeið og morgunvarðarfundir í samvinnu Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslu og stjórn mála

20. apríl – 19. maí 2012. Fjögurra vikna þjálfunarnámskeið í starfsmannarétti Kennari var Kjartan B. Björgvinsson, lögfræðingur. Þátttakendur 15 manns.

4. október 2012. Vinnusmiðja fyrir yfir- og millistjórnendur opinberra stofnana. Hvernig má ná betri árangri í stjórnun starfsmannamála í eigin stofnun. Leiðbeinendur voru Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Ágústa H. Gústafsdóttir, sérfræðingur í starfsmannaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Dr. Tómas Bjarnason frá ráðgjafafyrirtækinu Capacent. Gestafyrirlesari var Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þátttakendur 30 manns.

18. október 2012. Opið málþing. Evrópusambandið og íslenska stjórnsýsla: Hver eru áhrif regluverks ESB og umsóknarferlis Íslands að sambandinu á íslenskar stofnanir og sveitarfélög? Fyrirlesarar voru Dr. Anamarija Musa kennari í opinberri stjórnsýslu við lagadeild Háskólans í Zagreb, Króatíu, Dr. Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristin Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. Eftir framsögur voru panelumræður með frummælendum og með þátttöku Stefáns Hauks Jóhannessonar sendiherra og aðalsamningamanns vegna viðræðna um aðild Íslands að ESB. Eggert Ólafsson formaður Félags stjórnsýslufræðinga flutti ávarp. Fundarstjóri var Svavar Halldórsson, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur. Þátttakendur 70 manns.

31. október 2012. Námskeið. Nýjar lausnir í opinberri þjónustu í samstarfi við notendur. Kennari var Jakob Schjørring frá Mindlab í Danmörku. Þátttakendur 25 manns.

15. nóvember 2012. Námskeið. Saga, stofnanir og ákvarðanatataka innan ESB. Kennarar voru Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ og Auðunn Atlason skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu. Þátttakendur 20 manns.

22. nóvember 2013. Námskeið: Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996. Í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Kennari Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Luxemburg. Þátttakendur 40 manns.

23. nóvember 2012. Námskeið. Evrópuréttur- Áhrif grundvallarreglna ESB og EES samningsins á íslenska stjórnsýslu og íslenskar lagareglur. Kennari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Luxembourg og LLM í Evrópurétti frá London School of Economics of Political Science. Þátttakendur 20 manns.

21. janúar – 27. febrúar 2013. Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti. Í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Einnig í fjarnámi. Umsjónarmaður og aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við Lagadeild HÍ. Þátttakendur 50 manns.

4. apríl 2013 kl. 8.30-12.30: Námskeið: Upplýsingaréttur almennings. Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996. Umsjónarmaður og fyrirlesari var Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Lúxemburg. Þátttakendur 50 manns.

9. apríl 2013 kl. 9-16: Námskeið: Ráðning og starfslok starfsmanna stofnana ríkis og sveitarfélaga Umsjónarmaður og fyrirlesari var Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Lúxemburg. Þátttakendur 40 manns.

Ráðstefnur – Morgunverðarfundir- hádegisverðarfundir

25. apríl 2012. Morgunverðarfundur. Staða og starfsskilyrði forstöðumanna ríkisstofnana. Fjallað var um niðurstöður fyrri hluta könnunar sem gerð var í árslok 2011 meðal forstöðumann ríkisstofnana og ráðuneyta um stöðu og starfsskilyrði forstöðumanna ríkisstofnana á vegum samstarfsaðilanna. Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra flutti ávarp. Ágústa Hlín Gústafsdóttir sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Ómar H. Kristmundsson Háskóla Íslands gerðu grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og Margrét Friðriksdóttir skólameistari Menntaskólans í Kópavogi kynnti tillögur starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana um hvernig bæta má stöðu og starfsskilyrði forstöðumanna. Í pallborði sátu Gunnar Björnsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttur lektor í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands og Margrét Friðriksdóttir, skólameistari MK. Þátttakendur 120 manns.

2. október 2012. Morgunverðarfundur Hvernig er staðið að mannauðsmálum hjá stofnunum ríkisins? Mat forstöðumanna sjálfra, áherslur stjórnvalda, bjargráð til að gera betur. Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra flutti ávarp. Fyrirlesarar voru Ómar H. Kristmundsson, prófessor í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands og Ágústa H. Gústafsdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem kynntu niðurstöður seinni hluta forstöðumannakönnunar 2011 um mannauðsstjórnun. Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynnti grundvallarviðmið í mannauðsmálum ríkisstofnana. Ágústa H. Gústafsdóttir, ræddi framkvæmd grundvallarviðmiða með stuðningi ORACLE. Hulda Arnljótsdóttir, fræðslusetrinu Starfsmennt og Anna Sigurborg Ólafsdóttir, Starfspróunarsetri háskólamanna ræddu stuðning við starfspróun innan stofnunar. Fundarstjóri var Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þátttakendur 140 manns.

30. október 2012. Ráðstefna. Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu - Betri lausnir fyrir fólk og samfélag. Fyrirlesarar voru Jakob Schjörning frá Mindlab í Danmörku, Inga Jóna Jónsdóttir dósent við Viðskiptafræðideild HÍ og Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson flutti ávarp og afhenti nýsköpunarverðlaun og viðurkenningar fyrir nýsköpun í opinberum rekstri. Þátttakendur 100 manns.

30. október 2012. Tvær málstofur-kynning á verkefnum sem tilnefnd voru til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Kynnt voru átján verkefni sem valin voru til kynningar á málstofum sem haldnar voru að lokinni ráðstefnu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Eftirtaldir stofnanir ríkis- og sveitarfélaga voru með kynningar: Barnaverndarstofa, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra, Orkustofnun, Öldrunarheimili Akureyrar, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Umhverfisstofnun,

Kópavogsbær, Embætti landlæknis, Þjóðminjasafnið, Reykjavíkurborg, Sjúkratryggingar Íslands, Ríkisskattstjóri, Blindrabókasafn Íslands, Landspítali, Siglingastofnun Íslands, Hafnarfjarðarbær, Matvælastofnun og Menntaskólinn í Kópavogi.

31. janúar 2013 Morgunverðarfundur Hvernig má efla liðsheild og starfsanda á erfiðum tímum- Nokkur ráð til stjórnenda á erfiðum tímum. Fyrirlesarar voru Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur, Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari og Erna Einarsdóttir, starfsmannastjóri Landspítala háskólasjúkrahúsi. Þátttakendur 190 manns.

4. mars 2013. Hádegisverðarfundur Framtíð opinberrar þjónustu-alþjóðlegir straumar, reynsla annarra þjóða, ráðleggingar um áherslur og úrlausnarefni. Aðalfyrirlesari er Rolf Alter, forstöðumaður opinberrar stjórnsýslu hjá OECD. Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, Ómar H. Kristmundsson, prófessor í stjórnsýslufræðum við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana sátu í pallborði. Þátttakendur 100 manns.

10. apríl 2013 kl. 8-10: Morgunverðarfundur: Grænn opinber rekstur. Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra opnaði fundinn og kynnti nýja stefnu um vistvæn opinber innkaup iog græna ríkisrekstur. Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, skrifstofustjóri í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kynnti niðurstöður nýrrar könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana um hversu vistvænar opinberar stofnanir eru í rekstri sínum. Birna Helgadóttir, verkefnisstjóri umhverfis- og samgöngumála hjá LSH, Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og Sigurpáll Ingibergsson, gæðastjóri rekstrarsviðs ÁTVR sögðu frá ávinningi og reynslu af umhverfisstarfi hjá eigin stofnun. Pallborð með frummælendum ásamt Halldóri Ó. Sigurðssyni forstjóra Ríkiskaupa. Þátttakendur 100 manns.

24. apríl 2013 kl. 8-10: Morgunverðarfundur: Umbætur í opinberri starfsemi með skipulögðu sjálfsmati. Í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.